

Ár 1994, miðvikudaginn 25. maí var í málínu nr. 6/1993 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

### Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 11. desember 1993 kærir Geir H. Þorsteinsson fasteignamat á lóðinni nr. 5 við Austurheiðarveg í Norðurkotslandi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. Kærunni fylgir í myndriti úrskurður Fasteignamats ríkisins á Selfossi dags. 23. 10. 93, þar sem skiptingu lóðarinnar milli matshluta er breytt en heildarmat ákveðið óbreytt kr. 725.000,- í fasteignaskrá þeirri er út var gefin þann 1. desember 1993. Stærð lóðarinnar er óumdeild 7000,0 m<sup>2</sup>.

I framangreindri kæru kemur þetta fram hjá kæranda: "Ég tel vant fara á milli mála, að "úrskurður" FMR, Selfossi, dags. 23. okt. 1993 við kæru minni 20. marz á sama ári sé mjög hæpið, ef í raun nokkurt, svar við kæru minni. Á forsendur flokkaskiptingar FMR, Selfossi á sumarbústaðalöndum í Grímsneshreppi og verðlagningu landa er ekki minnzt. Fyrirspurn minni og kæru er í raun ekki svarað. Svar FMR, Selfossi, er við allt öðru en spurt er um og kært."

Þann 11. apríl fór Yfirlasteignamatsnefnd á vettvang og skoðaði aðstæður. Auk nefndarmanna var eigandi, Geir H. Þorsteinsson, mættur svo og Magnús Ólafsson og Samúel Smári Hreggvíðsson frá Fasteignamati ríkisins.

Sumarbústaðurinn liggur nokkuð fjarri þjóðveginum. Aðkoma er fremur erfið. Á lóðinni standa: vandað timburhús 43,1 m<sup>2</sup> og geymsla 8,3 m<sup>2</sup>. Lóðin er að mestu lyngmóar.

Vegna athugasemda kæranda á flokkun FMR á sumarhúsalóðum í matssvæði í Grímsneshreppi vill Yfirlasteignamatsnefnd taka fram að sumarhúsalóðir ber að meta hverja fyrir sig, sem og aðrar fasteignir.

Samkvæmt framansögðu telst ofangreint sumarbústaðaland hæfilega metið á kr. 400.000,-.

### Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Fasteignamat sumarbústaðalóðarinnar nr. 5 við Austurhlíðarveg í Norðurkotslandi í Grímsneshreppi, Árnessýslu, sem tók gildi 1. desember 1993 ákveðst kr. 400.000,-.

  
Steinunn M. Lárusdóttir

  
Guðmundur Magnússon

  
Andrés Svanbjörnsson